

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1427  
komudagur 22.3.2002



2002030002

9140

Umhverfisnefnd Alþingis  
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2002

/--

**Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um frumvarp til laga um náttúruvernd.**

Skipulagsstofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 1. mars 2002 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um náttúruvernd, 200. mál, gróðurvinjar á hálendinu.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að við ákvæði 1. mgr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar bætist nýr stafliður um gróðurvinjar á hálendinu, 1 ha eða stærri.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að gróðurvinjar á hálendi verði verndaðar sérstaklega en telur að skýra verði hvað átt er við með hálendi, þ.e. hvort miðað er við skipulagssvæði gildandi svæðisskipulags miðhálendis Íslands 2015 eða aðra afmörkun.

Elín Smáradóttir